

STJÓRN STRÆTÓ BS.

244. fundur. Föstudaginn 13. maí 2016 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Kristinn Andersen varamaður, S. Björn Blöndal varamaður og Gunnar Valur Gíslason. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Fulltrúi Kópavogs.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfi Strætó á höfuðborgarsvæðinu
2. Akstursþjónusta fatlaðra
3. Endurmenntun vagnstjóra
4. Breytingar á Grensásvegi
5. Áhættustefna
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Leiðakerfi Strætó á höfuðborgarsvæðinu

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra um leiðakerfi, dags. 12. maí 2016, þar sem fjallað er um breytingar á leiðakerfi Strætó og hágæðakerfi samganga sem nefnt er Borgarlína. Stjórn ræddi mikilvægi þess að halda áfram með þróun leiðakerfis Strætó í átt að Borgarlínu.

Fyrir fundinum lá jafnframt minnisblað um mögulegar leiðakerfisbreytingar haustið 2016 á höfuðborgarsvæðinu, dags. 12. maí 2016. Ragnheiður Einarsdóttir, sérfræðingur á skipulagssviði Strætó, kynnti tillögur á breytingum á leiðakerfi. Ragnheiður lagði sérstaka áherslu á að allar ákvarðanir um breytingar sem gera á í haust þurfa að berast skipulagssviði Strætó í síðasta lagi 24. maí nk.

Stjórn óskar eftir að áætluð verði kostnaðaraukning vegna aukinnar tíðni á leið 1 á annatíma og að viðauki við fjárhagsáætlun 2016 verði lagður fram á næsta fundi stjórnar vegna þessa.

Stjórn samþykkir að aðrar tillögur um breytingu á leiðakerfi sem fram koma í framangreindu minnisblaði verði sendar til umfjöllunar og umsagnar í viðkomandi sveitarfélagi. Lögð er áhersla á að stjórnarmenn Strætó fylgi eftir tillögunum sem varða þeirra sveitarfélag þegar þær eru teknar fyrir.

2. Akstursþjónusta fatlaðra

Fyrir fundinum lá minnisblað um akstursþjónustuna fyrstu þrjá mánuði ársins, dags. 13. maí 2016. Erlendur Pálsson sviðsstjóri fór yfir minnisblaðið.

Í byrjun ársins fór sviðsstjóri akstursþjónustunnar í heimsókn til nokkurra borga á norðurlöndunum, þar sem markmiðið var að skoða rekstrarfyrirkomulagið á akstursþjónustu fatlaðra. Niðurstaðan er að flestir eru að nota sama kerfi og við og að flestir hafa upplifað svipaðar áskoranir og við í rekstrinum. Einnig er rétt að nefna að allir þeir sem voru heimsóttir sjá líka um akstur sjúklinga á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum, sem er um 50% af þeirra þjónustu. Allt bendir til þess að kostnaður á hverja ferð hjá Strætó er sambærilegur við það sem gerist í nágrennalöndunum. Leitað hefur verið til erlends ráðgjafa sem unnið hefur með sambærilega þjónustu á Bretlandi og veit ráðgjöf á norðurlöndunum. Umræddur ráðgjafi mun heimsækja Strætó á næstu vikum og fara yfir fyrirkomulag þjónustunnar og möguleika á enn frekari hagræðingu í rekstri.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til hagræðingar í rekstri er aksturskostnaður fatlaðra um 50 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2016, þar af eru 40 m.kr. vegna hærri kostnaðar við akstur skólabarna. Félagsmálastjórar höfuðborgarsvæðisins hafa verið upplýstir um stöðu mála og unnið er að því á þeim vettvangi að skilgreina betur hvað fellst í skólaakstri fatlaðra barna og hvar skilin liggja á milli skólaaksturs og akstursþjónustu við fatlaðra.

3. Endurmenntun vagnstjóra

Fyrir fundinum lá minnisblað Sigríðar Harðardóttur, mannauðsstjóra Strætó, dags. 13.05.2016, varðandi endurmenntun vagnstjóra. Þar kemur fram að í júní 2015 hafi verið

gerð breyting á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskrteini. Breytingin snýr m.a. að endurmenntun atvinnubílstjóra og er þess efnis að bílstjórar með réttindi til aksturs í atvinnuskyni skuli endurnýja réttindi sín á fimm ára fresti og sitja samtals 35 stunda endurmenntunarnámskeið hjá viðurkenndum námskeiðshaldara til að fullgilda réttindi sín.

Vagnstjórar Strætó eru um 190. Til að halda réttindum sínum til aksturs í atvinnuskyni þurfa þeir að fara í gegnum endurmenntun fyrir 1. september 2018. Það á við alla vagnstjóra sem hafa gild ökuréttindi sem gefin voru út fyrir október 2013. Kostnaður sem hlýst af þessu fellur á Strætó, sbr. kjarasamning Strætó og St.Rv. frá 4. desember 2015. Greiða þarf námskeiðsgjöld og laun viðkomandi starfsmanna og/eða afleysingamanna meðan á námskeiði stendur.

Stjórn óskar eftir að lagður verði fram viðauki við fjárhagsáætlun 2016 á næsta fundi stjórnar vegna þessa.

4. Breytingar á Grensásvegi

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn fyrirhugaðar breytingar á Grensásvegi og áhrif þeirra á akstur strætisvagna.

Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að allar framkvæmdir við umferðarmannvirki, þ.m.t. götur, á leiðum þar sem Strætó ekur séu á undirbúningsstigi sendar til umsagnar hjá Strætó. Framkvæmdastjóra er falið að kynna með bréfi til borgarráðs og bæjarráða allra aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins þessa afstöðu stjórnar Strætó.

5. Áhættustefna

Samkvæmt eigendastefnu Strætó bs. skal stjórn leggja tillögu að almennri áhættustefnu með mælikvörðum og greinargerð fyrir eigendafund til staðfestingar.

Fjármálastjóri lagði fram og kynnti tillögu að áhættustefnu Strætó og kynnti jafnframt fyrir stjórn greiningu á fjárhagslegri áhættu byggðasamlagsins. Áhættustýring Strætó miðar að því að meta, mæla og stýra fjárhagslega áhættu með hliðsjón af starfsemi félagsins. Í því sambandi er horft til mikilvægustu áhættuþátta í rekstri félagsins.

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að áhættustefnu Strætó. Í samræmi við eigendastefnu Strætó skal tillagan með mælikvörðum og greinargerð lögð fyrir eigendafund til staðfestingar.

6. Önnur mál

a) Mælaborð – yfirlit yfir rekstur janúar-apríl 2016, lagt fram.

b) Umræða um notkun á metan sem orkugjafa fyrir hluta af vagnafloata Strætó.

Fylgiskjöl:

- Áhættustefna Strætó bs., tillaga dags. 13. maí 2016.
- Minnisblað – leiðakerfi, dags. 12. maí 2016.
- Minnisblað – Mögulegar leiðakerfisbreytingar haustið 2016, dags. 13. maí 2016.
- Minnisblað – Akstursþjónusta fatlaðs fólks, dags. 12. maí 2016.
- Yfirlit - Kostnaður við akstur Akstursþjónusta fyrir fatlaðs fólk, dags. 13. maí 2016.
- Minnisblað – Endurmenntun atvinnubílstjóra, dags. 13. maí 2016.
- Mælaborð – yfirlit yfir rekstur janúar-apríl 2016.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13.00

Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Kristinn Andersen

S. Björn Blöndal
Sigrún Edda Jónsdóttir